

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 790/2004/EB

frá 21. apríl 2004

## um aðgerðaáætlun Bandalagsins til styrktar aðilum sem starfa að æskulýðsmálum í Evrópu

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 149. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálanum <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með sáttmálanum er komið á borgararétti í Sambandinu og í honum er kveðið á um að Bandalagsaðgerðir á sviði menntamála, starfsþjálfunar og æskulýðsmála skuli m.a. miða að því hvetja til ungmennaskipta og skipta á kennurum og æskulýðsleiðbeinendum
- 2) Í Laeken-yfirlýsingunni, sem fylgir með í viðauka við ályktanir leiðtogaráðsins frá 14. og 15. desember 2001, er því haldið fram að eitt grundvallarviðfangsefnið, sem Evrópusambandið verði að finna lausn á, sé með hvaða hætti færa megi borgarana og einkum ungmenni nær stefnumiðum og stofnunum Evrópu. Alþjóðleg, frjálss æskulýðssamtök gera ungu fólki kleift að verða virkir borgarar, rækta með sér ábyrgðarkennd, tjá skoðanir sínar og gildismat og taka þátt í skiptum yfir landamæri, en með því móti leggja þessi samtök því lið að færa Evrópu nær ungu borgurum.

- 3) Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar „Nýr hvati fyrir evrópska æsku“, sem lögð var fram 21. nóvember 2001, eru færð rök fyrir því að hvetja skuli til þátttöku ungs fólks og mælt er með því að stofnanir, þar sem ungt fólk getur látið að sér kveða, verði styrktar. Í henni er því einnig haldið fram að upplýsingar skipti sköpum við að virkja borgara til þátttöku í þjóðfélaginu. Í ályktun <sup>(3)</sup> sinni um hvítbókina lagði Evrópuþingið einnig áherslu á hið mikilvæga hlutverk sem alþjóðleg og evrópsk æskulýðssamtök gegna við að gera ungu fólki kleift að taka þátt í lýðræðislegu þjóðfélagi í Evrópu til lengri tíma lítið.

- 4) Í hvítbók sinni um evrópska stjórnunarhætti <sup>(4)</sup> hvatti framkvæmdastjórnin til almennrar víðsýni og að haft yrði samráð við fulltrúa hins borgaralega samfélags og þeir hafðir með í ráðum við mótun stefnu ESB. Hún viðurkennir hlutverk frjálsra félagsamtaka við að koma áhyggjuefnum borgaranna á framfæri.

- 5) Í ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, frá 27. júní 2002 um ramma evrópsks samstarfs á sviði æskulýðsmála <sup>(5)</sup> er fallist á þau forgangspæmu sem lögð voru til í hvítbókinni um evrópska æsku, einkum þátttöku og upplýsingar, sérstaklega með það að markmiði að hvetja til að ungt fólk taki þátt í að æfa sig í því að vera virkir borgarar og lagt er til fyrirkomulag við að hrinda í framkvæmd opnu samræmingaraðferðinni með samráði við ungt fólk með sérstökum aðgerðum á innlendum vettvangi og að höfðu samráði við æskulýðssamtök Evrópu á evrópskum vettvangi.

- 6) Æskulýðssamtök Evrópu eru málssvari ungs fólks gagnvart Evrópusambandinu og öðrum alþjóðastofnunum. Aðgerðir þeirra eru nauðsynlegar til að samræma og miðla til evrópskra stofnana sjónarmiðum frjálsra æskulýðssamtaka og miðla til þessara samtaka upplýsingum um evrópsk málefni sem snerta hagsmuni þeirra. Alþjóðleg, frjálss æskulýðssamtök veita ungu fólki óformlega og formlega menntun, þjálfun og upplýsingar,

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 10, 14.1.2004, bls. 18.<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 6. nóvember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 22. desember 2003 (Stjtið. ESB C 72 E, 23.3.2004, bls. 10), afstaða Evrópuþingsins frá 10. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. mars 2004.<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB C 180 E, 31.7.2003, bls. 145.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 287, 12.10.2001, bls. 1.<sup>(5)</sup> Stjtið. EB C 168, 13.7.2002, bls. 2.

þau mynda net stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og starfa í aðildarríkjunum og öðrum Evrópulöndum.

7) Liðir A-3023 og A-3029 á fjárlögum Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið 2003 og fyrri fjárhagsár veita æskulýðssamtökum Evrópu og alþjóðlegum, fjálsam æskulýðssamtökum stuðning.

8) Samkvæmt reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup>, hér á eftir nefnd „fjárhagsreglugerðin“, er þörf á að setja grundvallarlöggjöf sem taki til fyrirbyggjandi stuðningsaðgerða.

9) Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skuldbundu sig, þegar fjárhagsreglugerðin var samþykkt, að ná því markmiði að tryggja að þessi grundvallarlöggjöf öðlist gildi frá og með fjárhagsárinu 2004.

10) Séð skal til þess að landfræðilega ná áætlunin til inn-gönguríkjanna og hugsanlega, að því er varðar sumar aðgerðir, til allra Evrópulanda með tilliti til þess að styrkja tengslin milli Evrópusambandsins eftir stækkun þess og nágrenna þess á meginlandi Evrópu.

11) Öll fjármögnun úr ríkissjóði, sem ekki er á vegum Bandalagsins, skal uppfylla ákvæði 87. og 88. gr. sáttmálans.

12) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga<sup>(2)</sup>.

13) Allur stuðningur sem veittur er samkvæmt þessari ákvörðun skal í einu og öllu vera í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

#### Markmið áætlunarinnar og starfsemi

1. Með þessari ákvörðun er komið á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins til eflingar aðilum sem starfa að æskulýðsmálum í Evrópu (hér á eftir er nefnd „áætlunin“).

2. Almenn markmið þessarar áætlunar er að styrkja starfsemi þessara aðila. Þessi starfsemi er yfirstandandi vinnuáætlun aðila sem vinnur að markmiði í þágu almennra evrópskra hagsmuna á sviði æskulýðsmála eða markmiði sem er hluti af stefnu Evrópusambandsins á þessu sviði. Þessi starfsemi skal nánar tiltekið, stuðla, eða geta stuðlað að, virkri þátttöku ungra borgara í þjóð- og samfélagsmálum og að þróun og framkvæmd á samstarfsáætlunum Bandalagsins á sviði æskulýðsmála í viðum skilningi. Samstarf við æskulýðssamtök Evrópu stuðlar að þessu almenna markmiði að því marki sem æskulýðssamtök Evrópu tala máli og samræma starfsemi fjálsra félagasamtaka æskulýðs og miðla upplýsingum um æskulýðsmál til Evrópustofnananna.

3. Áætlunin hefst 1. janúar 2004 og lýkur 31. desember 2006.

*2. gr.*

#### Þátttaka í áætluninni

Til að teljast hæfur til að fá rekstrarstyrk skal aðili uppfylla kröfurnar í viðaukanum auk eftirfarandi skilyrða:

a) starfsemi hans skal vera í samræmi við meginreglurnar sem liggja að baki Bandalagsaðgerðum á sviði æskulýðsmála og taka mið af þeim forgangsatríðum sem sett eru fram í viðaukanum,

b) hann skal hafa haft lagalega staðfestu í meira en eitt ár,

c) hann skal starfa á evrópskum vettvangi, annaðhvort einn eða í samvinnu við ýmis félagasamtök sem hafa með sér samráð og skipulag og starfsemi hans skal hafa hugsanleg áhrif í öllu Sambandinu eða ná til a.m.k. átta af þeim löndum sem um getur í 3. gr., að aðildarríkjunum meðtöldum.

*3. gr.*

#### Þátttaka þriðju landa

1. Heimila má þátttöku á aðgerðum áætlunarinnar aðilum sem eru með staðfestu í:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samkomulaginu var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/429/EB (Stjtið. ESB L 147, 14.6.2003, bls. 25).

- a) inngönguríkjunum sem skrifuðu undir aðildarsáttmálann 16. apríl 2003,
- b) EFTA-löndunum innan EES í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum,
- c) Rúmeníu og Búlgaríu en mæla skal fyrir um skilyrði fyrir þátttöku þeirra í samræmi við Evrópusamningana, viðbótarbókanir við þá og ákvarðanir viðkomandi samstarfsráða,
- d) Tyrklandi en mæla skal fyrir um skilyrði fyrir þátttöku þess í samræmi við rammasamninginn milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Tyrklands frá 26. febrúar 2002 um almennar meginreglur um þátttöku Lýðveldisins Tyrklands í áætlunum Bandalagsins <sup>(1)</sup>.

2. Þátttaka í áætluninni getur einnig verið heimil aðilum með staðfestu í löndum Balkanskagans, sem eru hluti af ferlinu til að auka tengsl og stöðugleika í löndum í Suðaustur-Evrópu <sup>(2)</sup>, og sumum löndum í Samveldi sjálfstæðra ríkja í samræmi við skilyrðin og málsmeðferðina sem samið verður um við þessi lönd <sup>(3)</sup>.

4. gr.

#### Val á styrkþegum

Áætlunin tekur til tveggja tegunda af styrkþegum;

- a) hópur 1: veita skal rekstrarstyrki beint til styrkþeganna sem um getur í 2. lið í viðaukanum,
- b) hópur 2: veita skal rekstrarstyrki í samræmi við heildarviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum, að undan-genginni auglýsingu eftir tillögum, til fastrar starfsemi aðila sem vinnur að markmiðum í þágu almennra evrópskra hagsmuna á sviði æskulýðsmála

5. gr.

#### Styrkveiting

Styrkir, sem falla undir mismunandi aðgerðir áætlunarinnar, skulu veittir í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í viðkomandi hluta viðaukans.

6. gr.

#### Fjárhagsákvæði

1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem er tiltekið í 3. mgr. 1. gr., er 13 milljónir evra.
2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

7. gr.

#### Framkvæmd

Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á þessari áætlun og skal hún tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu og aðildarríkjunum reglulega um framkvæmd hennar í samræmi við ákvæðin sem sett eru í viðaukanum.

8. gr.

#### Eftirlit og mat

Eigi síðar en 31. desember 2007 skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um hvernig miðar að ná markmiðum áætlunarinnar. Þessi skýrsla skal m.a. byggjast á matsskýrslu utanaðkomandi aðila, sem skal liggja fyrir eigi síðar en í lok ársins 2006, en í henni skal lagt mat a.m.k. á heildarvægi og samfelli áætlunarinnar, skilvirkni í útfærslu hennar (undirbúningur, val, framkvæmd aðgerða) og skilvirkni hinna ýmsu aðgerða í heild eða hverrar fyrir sig með tilliti til þess hvort markmiðunum, sem sett eru í 1. gr. og í viðaukanum, er náð.

9. gr.

#### Gildistaka.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

P. COX

D. ROCHE

forseti.

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 61, 2.3.2002, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Makedónía, fyrrverandi Lýðveldi Júgóslavíu, Albanía, Serbía og Svartfjallaland, Bosnía og Hersegóvína, og Króatía.

<sup>(3)</sup> Hvíta-Rússland, Moldavía, Rússland, Úkraína.

## VIÐAUKI

## 1. STARFSEMI SEM NÝTUR STUÐNINGS

Almennar markmið, sem mælt er fyrir um í 1. gr., er að styrkja Bandalagsaðgerðir á sviði æskulýðsmála og auka skilvirkni þeirra með því að styðja þá aðila sem starfa á þessu sviði.

## 1.1. Meginstarfsemi þeirra æskulýðssamtaka, sem líklegt er að stuðli að því að styrkja og auka skilvirkni Bandalagsaðgerða, er eftirfarandi:

- umræður um Evrópumálefni og stefnu Evrópusambandsins eða stefnu í æskulýðsmálum,
- útbreiðsla upplýsinga um Bandalagsaðgerðir,
- aðgerðir sem hvetja til þátttöku og frumkvæðis ungra borgara.

## 1.2. Meginstarfsemi æskulýðssamtaka Evrópu er eftirfarandi

- að vera málssvari ungs fólks gagnvart Evrópusambandinu,
- að samræma afstöðu meðlima þess gagnvart Evrópusambandinu,
- að miðla upplýsingum um æskulýðsmál til Evrópustofnananna,
- að miðla upplýsingum frá Evrópusambandinu til innlendra æskulýðsráða og frjálsra félagasamtaka,
- að efla og leggja grunn að þátttöku ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi,
- að styrkja nýjan ramma um samstarf á sviði æskulýðsmála sem þau hafa ákveðið að koma á á vettvangi Evrópu-bandalagsins,
- að taka þátt í stefnumótun í æskulýðsmálum, og á sviði æskulýðsstarfs og menntunarmöguleika og að miðla upplýsingum sem varða ungt fólk og að þróa skipulagðar leiðir til að koma sjónarmiðum ungs fólks á framfæri í allri Evrópu,
- að taka þátt í umræðum og hugleiðingum um ungt fólk í Evrópu og í öðrum heimshlutum og aðgerðir Evrópu-sambandsins til að styðja ungt fólk.

## 2. FRAMKVÆMD ÞEIRRAR STARFSEMI SEM STYRKET ER

Starfsemin, sem fer fram hjá aðilum sem eru hæfir til að hljóta fjárstuðning Bandalagsins samkvæmt áætluninni, heyrir undir annaðhvort eftirfarandi sviða:

2.1. *I. hluti:* Stuðningur við æskulýðssamtök Evrópu

## 2.1.1. Heimilt er að veita styrki samkvæmt þessum hluta til að styðja fasta starfsemi æskulýðssamtaka Evrópu, sem er aðili sem vinnur að markmiðum í þágu almennra evrópskra hagsmuna, en meðlimir þeirra eru innlend æskulýðsráð og alþjóðleg, frjáls félagasamtök æskulýðs, enda séu eftirfarandi meginreglur virtar:

- æskulýðssamtök Evrópu séu óháð við val á meðlimum sínum þannig að tryggt sé að sem flestar tegundir æskulýðssamtaka eigi þar fulltrúa,
- æskulýðssamtök Evrópu séu sjálfstæð að því er varðar nánari útfærslu á starfsemi sinni í samræmi við lið 1.2.,

- æskulýðssamtökum, sem ekki eru meðlimir í æskulýðssamtökum Evrópu, og ungu fólki, sem tilheyrir ekki samtökum, sé sem flestu gert kleift að taka þátt í starfsemi þeirra,
  - æskulýðssamtök Evrópu taki á virkan hátt þátt í því pólitíska ferli sem varðar æskufólk á evrópskum vettvangi, m.a. með því að svara Evrópustofnunum þegar þær leita samráðs við borgaralegt samfélag og gera meðlimum sínum grein fyrir afstöðu þessara stofnana,
  - landfræðilega nái aðild til þeirra landa sem tilgreind eru í 3. gr.
- 2.1.2. Samkvæmt 1. hluta samanstanda styrkhæf útgjöld æskulýðssamtaka Evrópu af rekstrarkostnaði og útgjöldum þeirra við að hrinda í framkvæmd aðgerðum sínum.
- 2.1.3. Styrkurinn til æskulýðssamtaka Evrópu skal ekki fjármagna öll styrkhæf útgjöld þeirra á því almanaksári sem hann er veittur. A.m.k. 20% af ráðstöfunarfé æskulýðssamtakanna verður að koma úr framlagi aðila utan Bandalagsins til sameiginlegrar fjármögnunar. Slík sameiginleg fjármögnun getur að hluta eða í heild verið veitt í fríðu, að því tilskildu að framlagið sé ekki metið herra en kostnaðurinn sem raunverulega er stofnað til og sönnur færðar á það með bókhaldsgögnum eða almennt viðurkenndur kostnaður á þeim markaði sem um ræðir.
- 2.1.4. Samkvæmt 2. mgr. 113. gr. í fjárhagsreglugerðinni skal meginreglan um lækkun í áföngum ekki gilda um rekstrarstyrki til æskulýðssamtaka Evrópu þar sem þau eru aðili sem vinnur að markmiði í þágu almennra evrópskra hagsmuna.
- 2.1.5. Með tilliti til þess að nauðsynlegt er að tryggja áframhaldandi samfellda starfsemi æskulýðssamtaka Evrópu skal fjármagni til áætlunarinnar úthlutað í samræmi við eftirfarandi viðmiðunarreglu: fjármagnið sem er úthlutað skv. 1. hluta skal ekki vera minna en 2 milljónir evra.
- 2.1.6. Heimilt er að veita æskulýðssamtökunum styrki eftir að viðeigandi vinnuáætlun og fjárhagsáætlun hafa verið móttæknar. Heimilt er að veita styrki árlega á grundvelli rammisamnings um samstarf við framkvæmdastjórnina.
- 2.2. *2. hluti:* Stuðningur við fasta starfsemi aðila sem vinna að markmiðum í þágu almennra evrópskra hagsmuna á sviði æskulýðsmála eða markmiði sem er hluti af stefnu Evrópusambandsins á þessu sviði.
- 2.2.1. Heimilt er að veita styrki samkvæmt þessum hluta til að standa undir rekstrar- og stjórnunarkostnaði framangreindra aðila. Þetta getur átt við um:
- a) aðila sem ekki rekur starfsemi sína í hagnaðarskyni og starfar eingöngu í þágu ungs fólks eða aðila með viðtækari markmiði, þar sem hluti starfseminnar er eingöngu í þágu ungs fólks. Í hvoru tilvikinu fyrir sig verður aðilinn að gera ungu fólki kleift að taka þátt í þeirri starfsemi sem fer fram í þeirra þágu.
  - b) Evrópunet sem aðilar standa að sem ekki reka starfsemi sína í hagnaðarskyni og vinna í þágu ungs fólks og gera ungu fólki kleift að taka þátt í starfsemi sinni. Heimilt er að veita árlegan rekstrarstyrk til að styrkja varanlega vinnuáætlun slíks aðila.
- 2.2.2. Samkvæmt 2. hluta er eini kostnaðurinn sem taka skal tillit til við að ákvarða rekstrarstyrkinn, nauðsynlegur kostnaður við að sinna með réttum hætti venjulegri starfsemi aðilans sem valinn var, einkum starfsmannakostnaður, fastakostnaður (leiga og fasteignagjöld, búnaður, skrifstofuvörur, fjarskipti, póstagjöld, o.s.frv.) kostnaður við fundi innan stofnunarinnar og útgáfu-, upplýsinga- og dreifingarkostnaður.
- 2.2.3. Rekstrarstyrkur, sem veittur er skv. 2. hluta, skal ekki fjármagna öll styrkhæf útgjöld þeirra á því almanaksári sem hann er veittur. A.m.k. 20% af ráðstöfunarfé aðilanna, sem fjallað er um í þessum hluta, verður að koma frá framlagi aðila utan Bandalagsins til sameiginlegrar fjármögnunar. Hlutfall sameiginlegrar fjármögnunar skal ákvarðað á hverju ári í auglýsingu eftir tillögum. Slík sameiginleg fjármögnun getur að hluta eða í heild verið veitt í fríðu, að því tilskildu að framlagið sé ekki metið herra en kostnaðurinn, sem raunverulega er stofnað til og sönnur færðar á það með bókhaldsgögnum, eða almennt viðurkenndur kostnaður á þeim markaði sem um ræðir.

- 2.2.4. Samkvæmt 2. mgr. 113. gr. í fjárhagsreglugerðinni skulu rekstrarstyrkir, sem veittir eru á slíkan hátt, lækka jafnt og þétt. Þessi lækkun gildir frá og með þriðja ári og er 2,5% á ári. Til að fara eftir þessari reglu, sem gildir með fyrirvara um framangreinda reglu um sameiginlega fjármögnun, skal hlutfall af framlagi Bandalagsins til sameiginlegrar fjármögnunar, sem svarar til styrksins sem veittur var fyrir fjárhagsárið sem um ræðir vera a.m.k. 2,5 stigum lægri en hlutfall af framlagi Bandalagsins til sameiginlegrar fjármögnunar sem svarar til styrksins sem veittur var fyrir næstliðið fjárhagsár.
- 2.2.5. Aðilar, sem fá rekstrarstyrki skv. 2. hluta, skulu valdir á grundvelli auglýsinga eftir tillögum.

Heimilt er að gera rammasamninga um samstarf við aðila sem eru valdir með þessum hætti allt tímabilið sem áætlunin er í gildi. Tilteknir styrkir sem byggjast á rammasamningunum, skulu veittir í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í þessum samningum. Rammasamningarnir skulu hins vegar ekki koma í veg fyrir að sé auglýst eftir tillögum árlega vegna fleiri styrkþega.

### 2.3. Bráðabirgðaákvæði

- 2.3.1. Að því er varðar styrki sem veittir eru árið 2004 er mögulegt að tímabilið sem kostnaður telst styrkhæfur hefjist 1. janúar 2004 að því tilskildu að kostnaðurinn falli ekki til fyrir dagsetninguna sem styrkumsóknin var lögð fram eða dagsetninguna sem fjárhagsár styrkþegans hefst.
- 2.3.2. Á árinu 2004, ef um er að ræða styrkþega þar sem fjárhagsárið hefst fyrir 1. mars, er heimilt að veita undanþágu frá skyldunni um að undirrita styrksamninginn eigi síðar en innan fjögurra mánaða frá því að fjárhagsár styrkþegans hefst eins og um getur í 2. mgr. 112. gr. í fjárhagsreglugerðinni. Í slíku tilviki skal undirrita styrksamninginn eigi síðar en 30. júní 2004.

## 3. VIÐMIÐANIR VIÐ MAT Á UMSÓKNUM UM FJÁRMÖGNUN

- 3.1. Umsóknir um fjármögnun skulu metnar í ljósi:

- samræmis við markmið áætlunarinnar,
- gæða fyrirhugaðrar starfsemi,
- líklegra margfeldisáhrifa þessarar starfsemi á ungt fólk,
- stærðar landsvæðisins sem starfsemin nær til.
- þátttöku ungs fólks í skipulagningu stofnananna sem um ræðir.

- 3.2. Framkvæmdastjórnin skal gefa umsækjendum tækifæri á að leiðrétta formgalla á umsókninni í nánar tilgreindan tíma eftir að þeir hafa lagt inn umsókn sína.

## 4. GAGNSÆI

Allir styrkþegar, sem fá styrk innan ramma einhverra aðgerða þessarar áætlunar, skulu greina frá því á áberandi stað, s.s. heimasíðu vefseturs eða í ársskýrslu að þeir hafi fengið fjárframlög af fjárlögum Evrópusambandsins.

## 5. STJÓRNUN ÁÆTLUNARINNAR

Á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar er framkvæmdastjórninni heimilt að fela framkvæmdastofnun öll eða hluta þeirra verkefna sem lúta að stjórnun áætlunarinnar, í samræmi við 55. gr. fjárhagsreglugerðarinnar; Hún getur einnig leitað til sérfræðinga og stofnað til annarra útgjalda vegna tækni- og stjórnunaraðstoðar, án ihlutunar opinberra aðila, innan ramma einstakra þjónustusamninga. Hún getur einnig fjármagnað rannsóknir og skipulagt fundi sérfræðinga sem líklegt er að auðveldi framkvæmd áætlunarinnar og hrundið af stað viðeigandi aðgerðum á sviði upplýsinga-, útgáfu- og dreifingarmála sem tengjast því með beinum hætti að markmið áætlunarinnar náist.

6. EFTIRLIT OG ENDURSKOÐUN
- 6.1. Þeir sem þegið hafa rekstrarstyrk skulu hafa öll fylgiskjöl tiltæk fyrir framkvæmdastjórnina, þ.m.t. endurskoðuð reikningsskil að því er varðar útgjöld sem stofnað var til á styrkárinu, í fimm ár frá síðustu greiðslu. Styrkþegar skulu tryggja, eftir því sem við á, að framkvæmdastjórnin hafi aðgang að fylgiskjölum, sem samstarfs- eða félagsaðilar hafa undir höndum.
- 6.2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að láta fara fram endurskoðun á notkun styrksins sem starfsfólk hennar eða annar viðurkenndur utanaðkomandi aðili, sem hún velur, annast. Slíka endurskoðun er heimilt að láta fara fram allan samningstímamann og í fimm ár eftir að síðasta greiðsla var innt af hendi. Eftir því sem við á geta niðurstöður endurskoðunarinnar leitt til ákvörðunar um að framkvæmdastjórnin krefjist endurgreiðslu.
- 6.3. Starfsfólk framkvæmdastjórnarinnar og utanaðkomandi starfslíð skal hafa viðeigandi rétt til aðgangs, í umboði framkvæmdastjórnarinnar, einkum að skrifstofum styrkþegans og að öllum upplýsingum, þ.m.t. upplýsingum á rafrænu formi sem nauðsynlegar eru til að annast slíka endurskoðun.
- 6.4. Endurskoðunarrétturinn og Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum (OLAF) skulu njóta sömu réttinda og framkvæmdastjórnin, einkum að því er varðar aðgang.
- 6.5. Til að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum frávikum er framkvæmdastjórninni heimilt að framkvæma vettvangsskoðanir og athuganir samkvæmt þessari áætlun í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2185/96 <sup>(1)</sup>. Ef nauðsynlegt er skal Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum (OLAF) framkvæma rannsóknirnar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 <sup>(2)</sup>.
- 6.6. Ef engin reglugerð er tilgreind í þessum grundvallarlögum skulu fjárhagsreglugerðin og reglur um framkvæmd hennar gilda.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.